

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

06 319

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum
kt. 441214-1110
Faxastíg 42, 900 Vestmannaeyjar

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Hlutverk lögreglu er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 235,3 milljónir og afkoma kr. 0,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 36,8 milljónir.


Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 26. 09. 2019

Staður, dags.


Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum



Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	225.900.000	211.122.329
Seld þjónusta	4	5.998.459	6.037.745
Framlög og ýmsar tekjur	5	2.111.328	2.019.685
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	1.263.036	845.925
Tekjur samtals		235.272.823	220.025.684
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	195.972.682	176.037.515
Annar rekstrarkostnaður	7	37.468.381	33.447.181
Afskriftir	8	1.263.036	845.925
Gjöld samtals		234.704.099	210.330.621
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		568.724	9.695.063
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(7.133)	(14.374)
		(7.133)	(14.374)
Afkoma ársins		561.591	9.680.689

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		10.282.782	6.175.004
Aðrar eignir		533.481	612.515
		<u>10.816.263</u>	<u>6.787.519</u>
Fastafjármunir samtals		<u>10.816.263</u>	<u>6.787.519</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	9	0	625.974
Tengdir aðilar	10	14.315.621	15.251.093
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	55.231	0
Handbært fé	12	11.594.768	9.731.193
		<u>25.965.620</u>	<u>25.608.260</u>
Veltufjármunir samtals		<u>25.965.620</u>	<u>25.608.260</u>
Eignir samtals		<u>36.781.883</u>	<u>32.395.779</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		4.988.108	4.426.517
		<u>4.988.108</u>	<u>4.426.517</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	677.328	429.725
Viðskiptaskuldir		3.507.515	0
Ýmsar skammtímaskuldir	11	19.284.449	20.752.018
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	8.324.483	6.787.519
		<u>31.793.775</u>	<u>27.969.262</u>
Skuldir samtals		<u>31.793.775</u>	<u>27.969.262</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>36.781.883</u>	<u>32.395.779</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		561.591	9.680.689
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	1.263.036	845.925
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(1.263.036)	(845.925)
		<u>561.591</u>	<u>9.680.689</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		570.743	(25.233)
Tengdir aðilar		1.183.075	(14.942.525)
Skammtímaskuldir		<u>2.039.946</u>	<u>4.844.265</u>
		3.793.764	(10.123.493)
		<u>4.355.355</u>	<u>(442.804)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(5.291.780)</u>	<u>(3.877.671)</u>
		(5.291.780)	(3.877.671)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		<u>2.800.000</u>	<u>3.877.671</u>
		2.800.000	3.877.671
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.863.575	(442.804)
		<u>9.731.193</u>	<u>10.173.997</u>
		<u>11.594.768</u>	<u>9.731.193</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	226.900.000	215.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(1.000.000)	(3.877.671)
Tekjufærsla fjárveitinga	225.900.000	211.122.329
Tekjufærsla frestaðra tekna	1.263.036	845.925
	<u>227.163.036</u>	<u>211.968.254</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	214.600.000	0	0	214.600.000
Fjárukalög	(400.000)	0	0	(400.000)
Launbætur	2.000.000	0	0	2.000.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(1.000.000)	0	0	(1.000.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	10.700.000	0	0	10.700.000
Fjárveiting til tekna	225.900.000	0	0	225.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(225.338.409)	0	0	(225.338.409)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	561.591	0	0	561.591

	2018	2017
4 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	158.689	288.729
Ýmsar þjónustutekjur	5.718.850	5.679.316
Veitinga- og gistiþjónusta	120.920	69.700
	<u>5.998.459</u>	<u>6.037.745</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	254.106	496.500
Kostnaðarhlutdeild	99.462	193.008
Ýmsar tekjur	1.757.760	1.330.177
	<u>2.111.328</u>	<u>2.019.685</u>

6 Laun og launatengd gjöld

Laun	155.699.280	140.655.449
Orlof, breyting	2.904.955	1.924.135
Launatengd gjöld	36.309.409	32.825.924
Starfsmannakostnaður	1.059.038	632.007
	<u>195.972.682</u>	<u>176.037.515</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	15,0	14,0

Skýringar

	2018	2017
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	381.836	399.280
Byggingarvörur, almennar	21.398	2.423
Ýmis tæki og áhöld	2.181.166	624.062
Orkugjafar	802.741	974.495
Matvæli	938.569	808.877
Almennar rekstrarvörur	1.936.513	1.124.115
Vörukaup, almenn	6.262.223	3.933.252
Ymsar sérgreindar vörur	34.961	192.000
Vörukaup, sérgreind	34.961	192.000
Fundir, námskeið, risna	119.590	104.694
Ferðir, uppihald	2.478.137	3.051.766
Akstur	881.264	800.726
Sérfræðiþjónusta	416.160	251.842
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	22.385	18.394
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	246.737	66.031
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.151.646	888.599
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	5.315.919	5.182.052
Afnotagjöld	1.890.653	2.185.947
Leigugjöld	16.327.134	15.684.672
Notkun véla og flutningatækja	58.800	40.421
Verkkaup	2.986.740	1.408.755
Kostnaðarhlutdeild	4.382.217	4.562.258
Tryggingar, lögboðnar	78.704	157.207
Opinber gjöld	27.830	17.417
Tilfærslur	103.200	83.200
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	25.855.278	24.139.877
Annar rekstrarkostnaður samtals	37.468.381	33.447.181

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	10.282.782	6.175.004
Aðrar eignir	533.481	612.515
	<u>10.816.263</u>	<u>6.787.519</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	8.818.767	790.341	9.609.108
Viðbætur á árinu	5.291.780	0	5.291.780
	<u>14.110.547</u>	<u>790.341</u>	<u>14.900.888</u>
Afskriftir 1.1.2018	2.643.763	177.826	2.821.589
Afskrift ársins	1.184.002	79.034	1.263.036
	<u>3.827.765</u>	<u>256.860</u>	<u>4.084.625</u>
Staða 31.12.2018	<u>10.282.782</u>	<u>533.481</u>	<u>10.816.263</u>
		31.12.2018	31.12.2017

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	935.472
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	14.315.621	14.315.621
	<u>14.315.621</u>	<u>15.251.093</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	406.098	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	271.230	429.725
	<u>677.328</u>	<u>429.725</u>

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	55.231	(62.563)
	<u>55.231</u>	<u>(62.563)</u>

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	4.426.517	(19.569.793)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	14.315.621
Afkoma ársins	561.591	9.680.689
Jöfnuður 31.12.	<u>4.988.108</u>	<u>4.426.517</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 14,3 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	19.144.711	16.239.756
Ógreidd laun	0	1.881.848
Önnur ógreidd gjöld	139.738	2.567.851
	<u>19.284.449</u>	<u>20.689.455</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	10.816.263	6.787.519
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga	(2.491.780)	0
	<u>8.324.483</u>	<u>6.787.519</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	6.787.519	0	6.787.519
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.800.000	1.800.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5.291.780	(5.291.780)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(1.263.036)	0	(1.263.036)
	<u>10.816.263</u>	<u>(2.491.780)</u>	<u>8.324.483</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 1,7 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 5 milljónum, skuldbindandi samningar vegna ökutækja kr. 10 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 5,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.